

Tölvuorðasafn. Íslenskt-enskt, enskt-íslenskt. 2. útgáfa, aukin og endurbætt. Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman. Ritstjóri: Sigrún Helgadóttir. Íslensk málnefnd, Reykjavík, 1986. (Rit Íslenskrar málnefndar 3.)

0. Inngangur

Nýlega er komið út þriðja ritið í ritröð Íslenskrar málnefndar; er það Tölvuorðasafn, sem Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands hefur tekið saman. Formaður orðanefndarinnar og ritstjóri verksins er Sigrún Helgadóttir. Þetta er mjög aukin og endurbætt útgáfa þess Tölvuorðasafns sem fyrst kom út 1983; í henni »voru rösklega 700 hugtök og þeim fylgdu tæplega 1000 íslensk heiti og rösklega 1000 ensk. Í nýju útgáfunni eru tæplega 2600 hugtök og fylgja þeim um 3100 íslensk heiti og nær 3400 ensk« segir í formála. Í blaðsíðum talið er nýja útgáfan þrefalt lengri en sú eldri, og að auki með smærri lettri og öðruvísi uppsett, þannig að mun meira fer á hverja síðu.

Bókin skiptist í tvennt. Í fyrri hlutanum, rúmlega 150 síður, eru uppflettiorð og skilgreiningar á íslensku, en enskar samsvaranir fylgja; seinni hlutinn, rúmar 40 síður, er ensk-íslensk orðaskrá. Í eldri útgáfunni voru aðeins íslensk-ensk og ensk-íslensk orðaskrá, en engar skilgreiningar.

Það er enginn vafi á því að þetta er tímabært rit. Á síðustu 4-5 árum hefur augljóslega orðið gjörbylting í þessum efnunum á Íslandi; í staðinn fyrir að aðeins voru til fáeinir stórar tölvur á landinu eru smátölvur, bæði svonefndar heimilistölvur («leikjatölvur») og einkatölvur (PC) nú orðnar almenningsseign, og hafa selst svo tugþúsundum skiptir. Þarna er því skyndilega komið splunkunýtt svið orðaforðans sem flestir verða að kunna einhver skil á; í stað þess að fáeinir sérfræðingar fáist við tölvur og tali um þær gerir það nú allur almennigur.

Þörf á tölvuorðasafni er því örugglega mjög brýn. Það má halda því fram, þótt margir séu vissulega á öðru máli, að það skipti tiltölulega litlu þótt fáeinir fræðimenn eða fagmenn í einhverri grein noti útlend fræði- og tækniorð sín á milli; en augljóslega gegnir allt öðru máli þegar þessi sama grein, og orðaforði hennar, verður almenningsseign.

Hér er ekki ætlunin að fara vandlega í saumana á öllum orðum og skilgreiningum í bókinni, heldur velta aðeins vöngum yfir hinni almennu stefnu sem þar kemur fram; einkum í skýringaraðferðum, hugtaka- og orðavali og orðasmíð.

1. Hverjum hentar bókin?

Áður en hægt er að leggja mat á rit sem þetta þarf að liggja fyrir hverjum það sé ætlað. Í formála ritstjóra segir: »Orðanefndarmenn hafa reynt að hafa að leiðarljósi að bókin kæmi sem flestum að notum, bæði sérfræðingum og öðrum sem fjalla um tölvutækni og rita eða tala um hana á íslensku.« Aftan á kápu bókarinnar stendur svo: »Bókin hentar öllum, bæði sérfræðingum og byrjendum.«

Markmið Tölvuorðasafnsins virðist vera tvenns konar: Annars vegar að kynna íslensk orð sem nota megi í stað erlendra; og hins vegar að skilgreina hugtök. Það er spurning hvernig þetta tvennt fari saman — eða hvort það geti yfirleitt farið saman. Það er a.m.k. augljóst að hinir ýmsu hópar munu nota bókina á ólíkan hátt. Sérfræðingarnir vita væntanlega fyrirfram um hvað málið snýst; þeir geta þá notað seinni hlutann til að fletta upp enskum orðum sem þeir þekkja og athuga hvernig þau hafa verið þýdd á íslensku. Byrjendurnir fara hins vegar sennilega oft fyrst í íslenska hlutann, til að athuga þar merkingu einhverra íslenskra orða sem þeir hafa heyrt eða séð í þessum fræðum; en einnig geta þeir auðvitað þurft að finna merkingu enskra orða. Það má þá gera með því að byrja á að fletta upp í seinni hlutanum, þar sem alltaf er vísað á orð og skilgreiningu í þeim fyrri.

Eftir athugun á Tölvuorðasafninu leyfi ég mér að efast um að það henti öllum — að hin

ólíku markmið þess séu samrýmanleg. Mér sýnist að sérfræðingunum hefði komið betur að fá bók í stíl við fyrstu útgáfu safnsins, bara með fleiri enskum og íslenskum orðum, en án skilgreininga.

En hvað með byrjendurna; hentar bókinn þeim? Það fer þónokkuð eftir því hvað átt er við með »byrjendum«. Sé átt við þá sem ætla sér að kynnast tölvum og starfsemi þeirra vel getur bókinn sjálfsagt verið ágæt; sé hins vegar átt við almenning sem vill geta skilið og notað algengustu hugtök án þess að vita mikið hvað liggur á bak við þau held ég að hún sé ekki góð. Almennitur notar tölvur í ýmis hversdagsleg verkefni, s.s. leiki, til ritvinnslu eða einfaldrar forritunar; en skiptir sér lítið af t.d. innviðum tölvunnar eða stýrikerfisins. Mér finnst Tölvuorðasafnið ekki sinna þörfum almennings nægilega mikið að þessu leyti; ég held að þar hefði þurft að skýra betur og á annan hátt þá hluta tölvunnar sem snúa helst að notandanum, s.s. skjá og lyklaborð, og einnig fjalla nánar um ritvinnslu og einfalda forritun, án þess að kafa djúpt í fræðilega hluti.

Almenningi hentar því mun betur rit á borð við kverið Tölvuorð og annar fróðleikur um tölvur, sem Tölvufræðslan gaf út nokkrum mánuðum áður. Reyndar má margt að því riti finna; þar er alltof mikið gert af því að taka ensk orð hrá upp, og skýringarnar eru iðulega ekki nógu vandaðar; en ég held þó að almenningur muni skilja þær miklu betur en skilgreiningar Tölvuorðasafnsins. Í skilgreiningum þess koma nefnilega oftast fyrir nokkur orð sem eru skýrð í bókinni; það getur því þurft að fletta upp á mörgum orðum til að komast að merkingu eins hugtaks.

Í formála ritstjórans segir: »Með því að skrifa skilgreiningarnar á íslensku var unnt að prófa orðin sem verið var að smíða. Kom þá fljótt í ljós hvort þau voru nothæf.« Það er auðvitað að mörgu leyti eðlileg stefna að byggja skýringarnar sem mest á orðum sem er að finna í bókinni; með því virðist samræmi tryggt, og að menn fái hið rétta út. En það er því miður mjög á kostnað læsileikans. Ég held að mjög oft væri hægt að umorða skýringarnar, og nota aðeins orð sem gera má ráð fyrir að almenningur þekki. Sjálfsagt yrðu skýringarnar stundum lengri fyrir vikið, en ég held að það væri vel þess virði.

Hugsum okkur t.d. að maður rekist á það í auglýsingu að tiltekin tölva sé með þessum og þessum örgjörva, og vilji vita hvað það sé. Hann flettir upp á örgjörvi, og finnur skýringuna 'gjörvi sem er á einni eða fáeinum samrásum!. Samrás er svo 'rafeindarás þar sem fjölda samtengdra smára, rökrása og annarra hálfleiðarabúta er komið fyrir á yfirborði örsmárrar kísilflögu!. Undir rökrás er svo vísað á rökaðgerð, en það orð hefur þrjár mismunandi skilgreiningar; en undir kísilflaga stendur aðeins 'þunn kísilflís sem samrásir eru settar á', þannig að þar er komið á enda.

En hvað finnum við ef við flettum upp á gjörva einum saman? Það er 'búnaður sem túlkar og innir skipanir!. Að inna er svo að 'gera það sem felst í skipun eða forriti!; forrit er 'runa skipana sem tölva getur unnið eftir!; og skipun er 'beiðni um að aðgerð sé framkvæmd eða tiltekið forrit innt!.

Er maður nú einhverju nær? Ég er ekki viss um að þetta segi ófróðum manni í tölvukaupahugleiðingum mikið. Hér kemur ekki fram hvaða lykilhlutverki örgjörvinn gegnir í tölvunni, sem hlýtur að vera það mikilvægasta frá sjónarmiði almennings — sérfræðingunum dugar að vita að örgjörvi er þýðing á 'microprocessor!.

Annað orð sem almenningur rekst oft á (t.d. í ekki fræðilegra riti en Símaskránni) er mótal; hvað finna menn ef þeir fletta því upp í tölvuorðasafninu?

Þar stendur: »Búnaður sem mótar og afmótar merki. Eitt af hlutverkum mótalds er að gera kleift að senda stafræn gögn um gagnarás sem ætluð er fyrir flaumræn gögn. [...].«

Þarna er vísað í sex önnur hugtök (móta, afmóta, merki, stafræn gögn, gagnarás, flaumræn gögn). Undir þeim flestum er svo vísað í enn önnur; en það er sama hvernig flett er áfram, aldrei kemur fram það sem snýr oftast að almenningi. Þá gefst betur að fletta upp í orðasafni Tölvufræðslunnar (þá þarf reyndar að fletta upp á módem, því að nýyrðið mótal er

þar ekki að finna); þar segir: »Tæki sem tengir tölvu við símalínu. Það geta farið til eða frá tölvunni gegnum módem.« Þetta er einmitt það sem almenningur þarf að vita, held ég.

Setjum okkur svo í spor manns sem sest niður við PC-tölvu í fyrsta skipti. Sennilega hefur hann einhvern tíma komið nálægt ritvél, en á lyklaborðinu fyrir framan sig sér hann ýmsa lykla sem hann er þekkir ekki þaðan; t.d. Esc, Ctrl, Alt. Það er ekki ótrúlegt að hann vilji fá að vita eitthvað um hvað þeir geri. Hann flettir þá upp á nöfnum þeirra í ensk-íslenska hlutanum. Ef aðeins er leitað að orðinu Esc eins og það kemur fyrir finnst það vissulega, og er þýtt sem 'lausnarstafur'. Sá ófróði flettir þá upp í aðalhluta bókarinnar og finnur þessa skýringu: »Kóta-skiptastafur sem einn sér eða sem fyrsti stafur í lausnarrunu sýnir að túlka á þá stafi sem á eftir koma samkvæmt annarri kótunarreglu en stafina næst á undan.«

Það er ólíklegt að þetta segi byrjandanum mikið; en kannski flettir hann aftur upp í enska hlutanum og finnur þar escape key, sem virðist fýsilegur kostur. Þar er vísað á lausnarhnapp, sem er skýrt svo: »Hnappur sem sendir lausnarstaf sem er túlkaður á mismunandi vegu eftir forritum eða kerfum. Lausnarstafur getur einnig verið upphaf lausnarrunu. Hver lausnarruna stendur fyrir tiltekna aðgerð.«

Ég veit ekki hve mikið gagn byrjandinn hefði af þessu. Hér í seinna dæminu kemur að vísu fram mikilsvert atriði; að þessi lykll gegnir mismunandi hlutverkum eftir kerfum. Gjarna hefði þó mátt nefna að í mjög mörgum tilvikum er hann notaður til þess að »bakka« út úr einhverri aðgerð, kalla fram aðalvalmynd eða þ.u.l. (Hér má reyndar nefna að í fyrri útgáfu Tölvuorðasafns var talað um hleypihnapp og hleypistaf; hvorugt þeirra orða er að finna í nýju útgáfunni, og engin skýring gefin á fráfalli þeirra.)

Lítum svo næst á Ctrl. Þar er vísað á orðið stýrihnappur: »Hnappur sem haldið er niðri meðan stutt er á annan hnapp til þess að senda tiltekinn stýristaf til tölvu.«

Og svo Alt, þar sem vísað er á umskiptahnapp: »Hnappur sem haldið er niðri meðan stutt er á annan hnapp til þess að breyta merkinu sem sá hnappur sendir.«

Skýringin á Alt er ágæt, en ég er ekki eins ánægður með skýringuna á Ctrl. Í mjög mörgum tilvikum, t.d. í mörgum ritvinnslukerfum, eru þessir lykklar alveg hliðstæðir; Ctrl er líka notaður til að breyta merkinu sem hinn lykllinn sem stutt er á sendir. Einnig hefði gjarna mátt koma fram, eins og með Esc, að þetta er mismunandi eftir þeim forritum sem notuð eru hverju sinni.

Svona mætti lengi telja; en ég tel að þessi dæmi sýni glögg að skýringaraðferð Tölvuorðasafns henti almenningi sem aðeins er að leita sér upplýsinga um einstök orð ekki vel. En kannski er ég að dæma bókina á röngum forsendum; það er ekki alveg ljóst að hún **eigi** að henta almenningi, þótt sagt sé »öllum« á kápunni.

Sennilega hentar bókinn best þeim sem hafa einhverja nasasjón af tölvum, og eru staðráðnir í að sökkva sér niður í fræðin, reknir áfram af endalausri forvitni. Ég er hræddur um að aðrir endist ekki til að fletta fram og aftur í bókinni til að skilja skýringarnar á því sem þeir flettu upp á í upphafi.

2. Val hugtaka og orða — skilgreiningar

Það má auðvitað lengi deila um hvaða hugtök eigi að vera með í riti sem þessu; sum eru svo bundin við einstök forrit eða tölvutegundir að ástæðulaust er að hafa þau með. Þó verður að telja eðlilegt að taka talsvert með af því sem tengist PC-tölvum og MS-DOS stýrikerfinu, vegna þess hve þetta er útbreitt. Ég fann þónokkur dæmi um að orð sem mér finnst eiga fullan rétt á sér vanti; sögnin backup er þarna ekki, né heldur boot (bara bootstrap), og ekki bold (en að vísu boldface). Þá vantar undelete, batch file (að vísu er batch processing), path (í hinni venjulegu merkingu í MS-DOS); shell er ekki heldur. Window í merkingunni 'hluti skjás' er ekki að finna (ekki tengt split screen). Ekki er heldur parallel printer (en hins vegar serial printer); og DOS er ekki uppflettiorð (en hins vegar disk operating system).

Þá vantar BIOS, card, cell, high byte, low byte, monochrome, RS232, socket, start bit og stop bit (hins vegar er start signal og stop signal, í sömu merkingu). Einnig vantar ýmis orð sem e.t.v. má telja til slangurs, en þurfa þó að vera með að mínu mati: freeze, hang, kill. Desktop publishing og soft strip eru að vísu nýleg, en hefðu þó átt að komast inn.

Af íslenskum orðum sem mér fannst vanta nefni ég af handahófi nettenging, hlið (í merkingunni 'port'), tengi, prenttengi, hliðtengi, raðtengi (að vísu er raðtengildi í sömu merkingu), afritsvörn og ritverja (notað er skriflás og skriflæsa). Resolution er aðeins þýtt sem leysni, ekki upplausn; backspace key er aðeins þýtt sem hophnappur, ekki bakklykill/-hnappur; forma kemur ekki fyrir, aðeins forsníða. Ritfæra hefur verið notað fyrir 'edit' og ritþór fyrir 'editor'; bæði orðin vantar. Braut/ slóð (í merkingunni 'path'), skipanaskrá ('batch file'), spjald ('card'), frjósa ('freeze'), endurheimta ('undelete') eru dæmi um algeng orð í íslensku tölvumáli sem vantar vegna þess að hugtakið er ekki með, eins og áður kom fram. Sé flett upp á fastur diskur er gripið í tómt; hins vegar er fastadiskur á sínum stað. (Aftur á móti eru bæði harður diskur og harðdiskur uppflettiorð.)

Þá verður þess ekki mjög vart að tekin hafi verið orð úr ýmsum handbókum og kennslubókum sem þýddar hafa verið og skrifaðar á íslensku á síðari árum. Stuttu áður en gengið var frá tölvuorðasafninu komu út á íslensku a.m.k. þrjú rit sem hlotið hafa mikla útbreiðslu; Bókin um MS-DOS eftir Jörgen Pind, Tölvuorð og annar fróðleikur um tölvur eftir Kristján Ingvarsson, og WordPerfect handbók. Í öllum þessum ritum er að finna talsvert af íslenskum orðum sem ekki hafa ratað inn í tölvuorðasafnið. Auðvitað er sumt af því svo sérhæft að það á ekki erindi þangað, annað kann að þykja óæskilegt eða óheppilegt af öðrum orsökum; en verst er að fá litlar upplýsingar um hvaða orðum hefur beinlínis verið hafnað í Tölvuorðasafni (og þá af hverju) og hver hafa ekki komist þangað inn af öðrum ástæðum.

En það vantar ekki bara orð í safnið; sumum er þar líka ofaukið að mínu mati. Mér sýnist t.d. að oft hafi verið lagt óþarfa kapp á að finna sérstakar þýðingar á sem flestum enskum orðum, jafnvel þótt þau orð hafi nákvæmlega sömu merkingu og önnur ensk orð sem líka eru þýdd. Þannig er t.d. að finna hlið við hlið orðin diskja og disklingur. Það síðarnefnda er skýrt 'lítill seguldiskur í hlífðarumslagi' (á ensku 'diskette'), en frá því fyrra er vísað á samheitið sveigur diskur, sem er 'sveigjanlegur seguldiskur í hlífðarhylki' (á ensku 'flexible disk, floppy disk'). Í langflestum tilvikum eru ensku orðin notuð um sömu fyrirbærin, og virðist ofrausn að þýða hvorttveggja sérstaklega á íslensku. A.m.k. hefði verið eðlilegt að vísa frá orðunum sveigur diskur og diskja á orðið disklingur, sem er talsvert útbreiddara. Einnig er að finna sem uppflettiorð orðið smádiskur (á ensku 'minifloppy') sem skýrt er 'sveigur diskur, venjulega 5 1/4 þumlungar í þvermál'; óskiljanlegt er hvers vegna þar er ekki vísað á disklingur.

Reyndar finnst mér vanta sárlega einhvers konar millivísanakerfi í bókina. Vissulega er oft vísað á samheiti; en ekki nærri alltaf þar sem ástæða væri til. Þannig kemur t.d. hvergi fram að orðin harðdiskur, fastadiskur og Winchester-diskur (sem ég skil reyndar ekki hvers vegna er uppflettiorð í aðalhluta bókarinnar) eru notuð til skiptis um sama fyrirbærið.

Enn eitt dæmi má taka af orðunum delete og erase. Það fyrrnefnda er þýtt sem 'eyða', og skýrt: 'fjarlægja gögn, t.d. með því að má þau út eða skrifa ofan í þau'. Erase er aftur þýtt sem 'þurrka út', og bætt við: 'fjarlægja gögn af gagnamiðli'. Gögn eru venjulega þurrkuð út með því að skrifa ofan í þau' (hér er skrifa ofan í ekki skáletrað, sem hefði þó verið eðlilegt, þar sem það er uppflettiorð). Það er erfitt að sjá mikinn mun á þessu; a.m.k. hefði verið eðlilegt að hafa þarna einhverja millivísun.

Aftur á móti kemur líka fyrir að sama orðið sé notað í tveimur mismunandi merkingum, sem er óheppilegt; leppur kemur t.d. bæði fyrir í merkingunni parameter, og einnig í samsetningunni lepphnappur í merkingunni dummy key.

Eitt af því sem mér finnst gagnrýnisvert við Tölvuorðasafni er hvornig það seilist út fyrir verksvið sitt. Þar eru tekin með ýmis atriði sem varða skrift, vélritun og prentun, en koma tölvum í sjálfu sér ekki við, s.s. leturgerð, punktur, em og síseró. Sjá einnig (af handahófi)

orðskipting, bókstafur, atriðaskrá, fjarljósritun, fjarriti, fisja, neðanmálgrein; og svo mætti talsvert lengi telja.

Reyndar hefur slík söfnunarárátta tíðkast mjög í íslenskum sérfræðiorðasöfnum; það er eins og höfundar slíkra rita geti ekki stillt sig um að taka með þau orð sem þeir rekast á í ritum á sínu sviði, enda þótt þau komi sviðinu ekkert sérstaklega við. En þótt fræðiorð í málfræði, eins og fónem/fónan, komi af einverjum ástæðum fyrir í bók um tölvur, á það ekkert erindi í Tölvuorðasafni; samt er það haft með. Enn hæpnara er — og að mínu mati alveg fráleitt — þegar verið er að búa til nýyrði yfir hugtök sem tilheyra fyrst og fremst öðrum fræðigreinum; homonym er t.d. þýtt einsheiti.

Ég hætti mér ekki langt út á þann hála ís að gera athugasemdir við skilgreiningar einstakra hugtaka; eins og segir í formála hafa sérfróðir menn á ýmsum sviðum verið þar til ráðuneytis, svo að ekki ætti að vera mikil hætta á að þar séu alvarlegar villur á ferðum. Þó skal ég nefna nokkur atriði í sambandi við ritvinnslu sem mér fannst mega betur fara.

Afturflettihnappur er notað sem þýðing bæði á 'previous screen key' og 'page up key'; í sumum tilvikum er þó um mismunandi lykla að ræða. Hið sama gildir um framflettihnapp.

Undir feitlettra stendur aðeins 'prenta með feitu lettri'; eðlilegt hefði verið að taka fram að í flestum ritvinnslukerfum birtist sá texti sem verður feitletraður í prentun skærari á skjánum.

Skýring á dauðum hnappi er ónákvæm; 'hnappur sem hefur ekki áhrif á bendil'. Að vísu er bætt við: »Dauður hnappur er m.a. notaður til þess að skrá brodd yfir bókstaf. Broddurinn er þá á dauðum hnappi og er sleginn inn á undan stafnum.« En í raun og veru er nær að segja að dauður lykill breyti verkan þess lykils sem slegið er á næst á eftir.

q Snið er skýrt sem 'það hvernig gagnastökum er skipað á gagnamiðil'. Þetta er alltof óljóst að mínu mati; rétt hefði verið að nefna hér einhver dæmi.

Viðfangslína er 'sú lína í texta sem er til reiðu hverju sinni'. Sem samsvörun við 'current line', eins og þetta á að vera, er það ófullnægjandi; yfirleitt er átt við þá línu sem bendillinn er staddur í, en hún er í sjálfu sér ekki meira »til reiðu« en hver önnur lína skjalsins.

Nafnorðið dagrétt er skýrt sem 'lýsing á lagfæringum og endurbótum á skrá, gagnasafni eða hugbúnaði'. Enska orðið 'update', sem þetta á að svara til, merkir hins vegar ekki eingöngu 'lýsingu á lagfæringum og endurbótum', heldur líka oft 'nýja og endurbætta gerð'.

3. Málstefna og orðmyndunaraðferðir

Þegar kemur að því að finna íslensk orð um hugtök í safni sem þessu er ólíklegt að allir verði sammála. Í formála segir svo: »Íslensk heiti á hugtökum í orðasafni þessu, þ.e. íðorðin sjálf, eru annaðhvort heiti sem almennt eru notuð eða heiti sem orðanefndin hefur smíðað fyrir þetta orðasafni. Hin síðarnefndu munu vera allnokkru fleiri. Í sumum tilvikum hafa nefndarmenn ekki getað fellt sig við orð sem í notkun hafa verið. Hefur þá verið reynt að finna betri orð og hin talin samheiti eða þeim verið sleppt. [...] Í einstaka tilvikum hefur verið sett spurningarmerki við íslenskt heiti. Það er þá gert af því að íslenska orðið er notað, en þykir af einhverjum ástæðum ekki heppilegt.«

Eitt meginhlutverk bókar af þessu tagi hlýtur að vera að gera mönnum kleift að skilja það mál sem talað er og ritað af þeim sem fást við tölvur. Eigi bókin að gegna því hlutverki hlýtur hún að verða að taka með þau orð sem eru notuð og skýra þau. Hvort þau eru svo merkt með spurningarmerki og vísað til annarra sem talin eru heppilegri skiptir ekki meginmáli; aðalatriðið er að sé þeim sleppt ber málvöndunarhugsunarháttur skynsemina ofurliði að mínu mati, og gagnsemi bókarinnar rýrnar stórlega. Hins vegar er skylt að taka fram að ég fann ekki mörg dæmi um að slangur sem ég nota eða þekki vantaði algerlega í bókina þótt hugtakið væri með; þau voru þar oftast, en vísað á önnur sem heppilegri þóttu.

Í mörgum tilvikum er þetta auðvitað spurning um smekk; ég kann t.d. miklu betur við orðið lykill en hnappur. Ein ástæðan fyrir því er sú að orðið hnappur er óheppilegra sem seinni

hluti samsettra orða; óradadað n fer ekki mjög vel inni í miðju orði, þótt óviða verði það verra en á eftir aðblæstri, eins og í lepphnappur. Einnig er ég vanur að nota blokk en ekki bálk, o.s.frv.; en skylt er að geta þess að bæði blokk og lykill eru uppflöttiorð, hvorugt merkt sem óæskilegt.

Ef einhver orð sem falla sæmilega að íslensku málkerfi eru orðin föst í sessi tel ég mjög hæpið að hrófla við þeim, enda þótt þau þyki »af einhverjum ástæðum ekki heppileg«; það er þó mun skárra að taka þau með og sérmerkja en sleppa þeim alveg. Ég er hræddur um að ef farið er að stugga við viðunandi orðum sem eru í notkun geti það orðið til að skapa óvissu og rugling, og valdið því að ekkert íslenskt orð nær yfirhöndinni. Og þá er verr af stað farið en heima setið.

Orðunum í Tölvuorðasafni má skipta í a.m.k. átta flokka eftir eðli og uppruna; oft slær svo flokkunum saman á ýmsan hátt. Í fyrsta lagi má nefna að stundum eru tekin hversdagsleg orð og þeim gefin sérhæfð merking; ríki látið tákna 'domain' endurskoða notað fyrir 'audit', bálkur fyrir 'block', bót fyrir 'patch', kveðja fyrir 'logon/logoff', o.m.fl. Í öðru lagi eru fornyrði stundum endurvakin og gefin ný merking, t.d. skruna fyrir 'scroll'. Í þriðja lagi eru ósamsett ensk orð stundum þýdd beint; þannig er klippa notað yfir 'cut' og líma yfir 'paste'. Í fjórða lagi er iðulega notuð hljóðlíking við ensku orðin; þar má nefna algrím fyrir 'algorithm', gisti fyrir 'register', tók fyrir 'token', bot fyrir 'baud', bæti fyrir 'byte', biti fyrir 'bit', fisja fyrir '(micro)fiche', gátt fyrir 'gate', demba fyrir 'dump'. Í fimmta lagi eru notaðar hljóðlíkingar við ensku stofnana, en íslenskum viðskeytum bætt við; dæmi eru mótald fyrir 'modem', pakkald fyrir 'packet assembly/disassembly', o.fl. Í sjötta lagi eru mynduð ósamsett nýyrði, s.s. run fyrir 'rolling', gjörvi fyrir 'processor', fjölvi fyrir 'macro', gilda fyrir 'evaluate'. Í sjöunda lagi — sem er langoftast — eru myndaðar nýjar samsetningar; liðir þeirra eru þá ýmist þekkt orð í málinu, eða ósamsett nýyrði úr Tölvuorðasafninu sjálfu. Mjög oft eru ensku orðin þá þýdd lið fyrir lið, t.d. hríslunet fyrir 'tree network', seguldiskageymsla fyrir 'magnetic disk storage', fjölvaþan fyrir 'macroexpansion', banaskekka fyrir 'fatal error'; í öðrum tilvikum samsvarar merking einstakra liða íslensku orðanna ekki þeim ensku, t.d. fastatexti fyrir 'boilerplate', leturkróna fyrir 'daisy wheel', minnishylki fyrir 'cartridge'. Á áttunda og síðasta lagi eru svo uppflöttiorðin orðasambönd, t.d. fjartengd baggasending fyrir 'remote batch entry', lokaður notendahópur með úttengileið fyrir 'closed user group with outgoing access', aðgangsaðferð fyrir vísaða runuleið fyrir 'indexed sequential access method'.

Allar þessar aðferðir geta sjálfsagt átt rétt á sér að einhverju marki. Mér finnst hins vegar að þær séu notaðar á alltof tilviljanakenndan hátt; ég get ómögulega séð nokkurt kerfi í því hvenær hver tegund orðmyndunar er notuð. Ég dreg ekki í efa að erfitt sé að koma sér upp slíku kerfi, hvað þá fylgja því út í ystu æsar; en ég hefði samt talið æskilegt að eitthvað kæmi a.m.k. fram um þetta í formála.

Það rekst nefnilega hvað á annars horn í þessu. Hljóðlíkingaraðferðin getur t.d. komið bærilega út; en fyrst hún er tekin gild, mætti þá ekki beita henni oftar? 'Parameter' gæti þá heitið parametri, 'block' heitið blokk o.s.frv. Mér sýnist sem sagt að þessi aðferð geri að engu rökin gegn ýmsum orðum sem tekin hafa verið lítið breytt úr ensku, en þó eru ekki viðurkennd (a.m.k. ekki sem aðalorð) í Tölvuorðasafni.

Ég hef líka stundum heyrt þau rök færð gegn orðinu lykill fyrir 'key' að í fyrsta lagi merkti það annað (húslykill, skrúflykill), og í öðru lagi væri hér um að ræða hráa enska þýðingu. En sé miðað við Tölvuorðasafnið sjálf er báðar röksemdirnar augljóslega ógildar; mörg orð sem þar eru notuð geta merkt annað (hnappur t.d. bæði 'tala á flik' og 'e-ð líkt hnapp í laginu' (t.d. þjóhnappur, blómhnappur); og mýgrútur orða í safninu eru beinar þýðingar úr ensku, eins og fram hefur komið.

Einnig má taka dæmi um árekstur af orðunum kambur og kemba, sem bæði eru uppflöttiorð í Tölvuorðasafni. Það þarf ekki mikla þekkingu á íslenskum hljóðlögum til að láta sér detta í hug að þau séu skyld; en þegar betur er að gáð merkir kambur 'samsafn aðgangsarma sem hreyfast saman (í seguldiskastöð)', en kemba merkir 'finna, greina og fjarlægja skekkjur í forriti'. Merking orðanna er sem sé gersamlega óskyld. Hvernig stendur á

þessu?

Ástæðan er sú að hér er beitt tveim mismunandi orðmyndunaraðferðum. Kambur er myndað með hljóðlíkingu, enska orðið er `comb'. Kemba er aftur á móti dæmi um að orði sem fyrir er í málinu sé gefin sérhæfð merking; þetta er þýðing á `debug'.

En mismunandi aðferðir geta líka leitt til þess að orð sem eiga saman séu þýdd sitt með hvoru móti. Þannig er `hyphen' þýtt sem bandstrik, og `hard (required, embedded) hyphen' sem tengistrik; `soft (discretionary, syllable, optional) hyphen' er á hinn bóginn þýtt með orði af allt öðrum toga; skiptivísir. Hér hefði verið eðlilegt, samræmis vegna, að nota einhverja samsetningu af -strik.

Í ensku hefur tölvuorðaforðinn þróast jafnhliða tölvunum sjálfum. Þess vegna getur verið að orð merki nú eitthvað allt annað en þau gerðu í upphafi, og séu ekki lengur »gagnsæ« að merkingu. Ástæðulaust er að láta þessa þróunarsögu speglast í íslensku. Það er þó stundum gert; a.m.k. verður ekki betur skilið en íslenska orðið stafsetur yfir case (upper/lower case) byggist á þeirri skýringu sem gefin er á þessari merkingu enska orðsins. Og þótt orðalagið cut and copy sé notað í ensku yfir það að nema textabút á brott úr skjali og koma honum fyrir annars staðar (í sama skjali eða öðru) er ekki eðlilegt að þýða það með klippa og líma. Sömuleiðis finnst mér ástæðulaust að þýða icon sem vémynd, þótt það tákni `helgimynd' á ensku; tákmynd væri miklu skýrara. Mér finnst ekki fara vel á að þýða `bucket' sem fata; og banaskekkja fyrir `fatal error' finnst mér hálfhlægilegt; íslenska orðið bani og samsetningar af því er miklu bundnara `dauða' í bókstaflegri merkingu en enska orðið fatal.

Þá finnst mér fráleitt að reyna að halda orðaleikjum eða rími úr ensku, eins og þegar scrolling og rolling er þýtt sem skrun og run. Hér er enskan farin að móta íslenskan orðaförða meira en góðu hófi gegnir. Þetta er reyndar annað dæmi um hvernig áreksstur getur orðið milli mismunandi aðferða við orðmyndun; kvenkynsorðið runa er þarna líka, sem þýðing á allt öðru, þ.e. `sequence'.

Og eitt dæmi enn, sem sýnir hvernig enskan sníður skilgreiningum íslenskra orða stakk. Sögnin hástafa er talin hafa tvenns konar merkingu: 1 `rita eða prenta með hástöfum' og 2 `rita eða prenta með hástöfum eða rita fyrsta staf í orði með upphafsstaf'. Hér er augljóslega um tvítekningu að ræða; af hverju má ekki segja: 1 `rita eða prenta með hástöfum' og 2 `rita fyrsta staf í orði með upphafsstaf'? Skýringin liggur í því að í fyrra tilvikinu er enska samsvörunin `uppercase', en í því síðara `capitalize', sem getur haft báðar merkingarnar. En það er út í hött að láta þá tvíræðni fara svona með skilgreiningu íslenska orðsins.

Ýmsar athugasemdir má gera við myndun afleiddra og samsettra orða í bókinni. Þannig koma orð eins og eðun og ogun, svo að ekki sé talað um néedun og néogun, manni spáskt fyrir sjónir; ekki síst vegna þess að oft er því haldið fram að viðskeytið -un megi aðeins nota á sagnir sem beygjast eins og kalla, enda á -aði í þátið (sjá t.d. Árna Böðvarsson 1987). Þá hefur Orðanefnd Skýrslutækni félagsins greinilega dálæti á viðskeytunum -ald (mótald, pakkald, gagnaferjald) og -ildi (tengildi, stýrildi). Komið hafa fram efasemdir um að tenging íslenskra viðskeyta við erlenda stofna eigi rétt á sér (sjá Jón Hilmar Jónsson 1987); ég held að erfitt sé að alhæfa þar um, en fellst á að sú hætta sé á þessari aðferð að málnotendur lesi fólks tengsl úr orðunum.

Ýmsar samsetningar finnst mér líka hæpnar; uppör, niðurör, kerfisönnusta, lítiltölva, upplýsingafel (`information hiding'). En sjálfsagt venst þetta, og ég hef engar skárri tillögur.

Nokkuð er um orð sem hafa gildishlaðna merkingu og eru af þeim ástæðum ekki heppileg sem iðorð. Þar má nefna ýmis orð um prentara, s.s. hjakkprentari (um `multitpass printer') og sómaprentun (um `near letter quality printing'). Önnur eru óheppileg vegna þeirra neikvæðu hugrenningatengsla sem þau vekja, t.d. sjálfbirginn fyrir `self-contained'; þótt orðið sé til í merkingunni `sjálfbjarga' held ég að flestir tengi það við sjálfbirgingslegur, sem er ótvírætt neikvætt. Sama máli gegnir um leppur fyrir `parameter' og undirmál fyrir `data sublanguage'.

Hins vegar eru líka mörg dæmi um vel heppnaða orðmyndun að finna í bókinni, finnst

mér. Ég kann t.d. ágætlega við dálkmið fyrir 'alignment character', orðahlaup fyrir 'word wrap' og skrúna fyrir 'scroll' (þótt ég felli mig ekki við run). Það er líka alkunna að ný orð hljóma oftast nær framandi og jafnvel fáránlega í fyrstu, og eru óþjál í munni; en eftir nokkra notkun er eins og þau hafi fylgt manni alla tíð. Ég efast ekkert um að þannig geti orðið með mörg orðanna í Tölvuorðasafni, en auðvitað ekki öll, frekar en í öðrum nýyrðasöfnum.

4. Lokaorð

Eins og fram hefur komið felst aðalgagnrýni mín á Tölvuorðasafnið í því að það sinni ekki þörfum almennings. Ég tel brýnt að út verði gefið rit sem taki fyrir ýmis orð úr tölvumáli og skýri þau á einfaldan hátt — orðasafn Tölvufræðslunnar er alls ekki nógu vandað til að geta gegnt því hlutverki, þótt ýmislegt megi gott um það segja.

Þá vantar sitthvað í Tölvuorðasafnið sem mér finnst að mætti vera með; bæði ýmis algeng hugtök og einnig íslensk orð sem eru eða hafa verið í notkun. Einnig er það stór galli hversu óskipulega virðist staðið að orðmyndun í safninu.

Því má þó ekki gleyma að Tölvuorðasafn er brautryðjendaverk. Það er enginn leikur að semja orðasafn fyrir grein sem þessa, þar sem breytingar eru svo örar sem raun ber vitni. Ég hef þegar haft þónokkurt gagn af safninu við forritapýðingar, og þar er vissulega ómetanlegt að hafa það við höndina.

Ég tel því að Tölvuorðasafn sé að mörgu leyti mjög gott verk, vel og samviskusamlega unnið, þótt ég hafi fundið á því ýmsa galla. En það er enginn vafi að þarna er kominn traustur grunnur, sem auðvelt ætti að vera að byggja ofan á.

RITASKRÁ

Árni Böðvarsson. 1987. **

Jón Hilmar Jónsson. 1987. Um vöxt og viðgang orðaforðans. [Erindi flutt á ráðstefnu Íslenska málfræðifélagsins »Að orða á íslensku«, 8. nóvember 1986.] Morgunblaðið 15. maí, bls. 2-3.

Jörgen Pind. 1986. Bókin um MS-DOS. Mál og menning, Reykjavík

Tölvuorð og annar fróðleikur um tölvur. [Kristján Ingvarsson tók saman.] Tölvufræðslan, Reykjavík, 1986.

WordPerfect handbók. Eiríkur Rögnvaldsson og Vilhjálmur Sigurjónsson þýddu. Ráfreiknir hf., Reykjavík, 1986.

Eiríkur Rögnvaldsson

Háskóla Íslands,

Reykjavík.